

Siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Sveitarfélaginu Súðavíkurhreppi

1. gr.

Markmið

Markmið þessara reglna er að skilgreina það hátterni og viðmót sem ætlast er til að kjörnir fulltrúar sýni af sér við störf sín fyrir hönd Sveitarfélagsins Súðavíkurhrepps. Öllum kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn og nefndum og ráðum sem sveitarstjórn skipar ber að haga störfum sínum í samræmi við settar siðareglur sbr. 29. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

2. gr.

Starfsskyldur kjörinna fulltrúa

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum fylgja lögum, reglum og samþykktum Súðavíkurhrepps. Þeim ber að gæta almannahagsmuna og hagsmuna sveitarfélagsins. Kjörnir fulltrúar hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu. Kjörnum fulltrúum ber að starfa af kostgæfni, fyrir opnum tjöldum og vera reiðubúnir að rökstyðja ákvarðanir sínar og tilgreina þá þætti sem ákvarðanir þeirra eru byggðar á. Þeir skulu bera ábyrgð gagnvart íbúum í heild sinni og svara fyrirspurnum almennings um framkvæmd þeirra starfa sem þeir bera ábyrgð á sem kjörnir fulltrúar.

3. gr.

Valdmörk

Kjörnir fulltrúar bera að gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Sveitarfélagsins Súðavíkurhrepps. Þeir sýni störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna Súðavíkurhrepps virðingu.

4. gr.

Hagsmunaárekstrar

Kjörnir fulltrúar bera að nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir sveitarfélagið lýkur. Kjörnir fulltrúar skulu forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum. Um hæfi þeirra við meðferð einstakra mála fer eftir 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

5. gr.

Ábyrgð í fjármálum

Kjörnum bæjarfulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn sem tryggja rétta og ábyrga meðferð á almannafé. Við störf sín skulu kjörnir fulltrúar ekki aðhafast neitt það sem getur falið í sér misnotkun á almannafé.

BLG

ÞMG

ÍAB

KGK

6. gr.

Gjafir og fríðindi

Kjörnir fulltrúar skulu ekki þiggja gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim er leita eftir þjónustu sveitarfélagsins nema að um sé að ræða óverulegar gjafir. Kjörnir fulltrúar skulu ekki þiggja gjafir eða hlunnindi ef líta má á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu.

7. gr.

Trúnaður

Kjörnir fulltrúar skulu gæta þagnarskyldu um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Trúnaðurinn helst áfram eftir að kjörnir fulltrúar láta af störfum. Kjörnir fulltrúar skulu virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Súðavíkurbrepps, sem og um innihald skjala eða annarra gagna sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um.

8. gr.

Að virða hlutverk starfsmanna

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum virða hlutverk starfsmanna Súðavíkurbrepps. Þeir mega ekki hlutast til um að starfsmenn geri neitt það sem hefur þann tilgang að verða kjörna fulltrúanum á beinan eða óbeinan hátt til hagsmunalegs ávinnings, né heldur aðila nátengdum honum eða ákveðnum hópum eða fyrirtækjum.

9. gr.

Stöðuveitingar

Kjörnum fulltrúum ber að leitast við að koma í veg fyrir að einstaklingum sé veitt starf eða stöðuhækkun hjá sveitarfélaginu á öðrum forsendum en hæfni til að rækja starfið og gæta þess, þegar þeir koma sjálfir að ákvörðun um val á starfsmönnum, að hæfasti umsækjandinn hljóti starfið. Þannig verði þess gætt að stöðuveitingar hjá Súðavíkurbreppi séu í hvívetna fylgt lögum og reglum og að einungis faglegar og málefnalegar forsendur liggi að baki vali á starfsmönnum.

10. gr.

Miðlun siðareglanna til kjörinna fulltrúa, starfsfólks og almennings

Kjörnir fulltrúar undirgangast þessar siðareglur með undirskrift sinni og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að hafa þær að leiðarljósi. Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólki sveitarfélagsins, almenningi og fjölmiðlum á heimasíðu bæjarins og annan þann hátt sem sveitarstjórn ákveður til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra. Siðareglurnar skulu teknar til umræðu í sveitarstjórn í upphafi hvers kjörtímabils. Siðareglur þessar skulu sendar ráðuneytinu til staðfestingar, skv. 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

BLG

fmg

Í Á B

KGK

Sauþykkt á 46. fundi
sveitarstjórnar 3/7 2026